



Ritrýnd grein birt 31. desember 2010

Ólöf Garðarsdóttir

Barnakennarar á Íslandi um aldamótin 1900

Í greininni er fjallað um barnakennara á Íslandi í upphafi 20. aldar. Lögð er áhersla á lýðfræðilega þætti, aldurssamsetningu, kynjahlutfall og hjúskaparstöðu þeirra kennara sem getið er í manntalinu 1901. Þessum einstaklingum er síðan fylgt eftir í öðrum heimildum og kannað hvort um tímabundið starf var að ræða eða hvort einstaklingar helguðu sig kennarastarfinu. Greinin sýnir að verulegur munur var á stöðu og starfskilyrðum kennara eftir því hvort þeir störfuðu í strjálbýlum sveitum eða í þéttbýli. Í sveitum landsins var kennarastarfið í langflestum tilvikum aukastarf sem einstaklingar sinntu einungis örfáar vikur á ári meðfram öðrum störfum. Kennsla var hins vegar aðalstarf flestra kennara í þéttbýli. Langflestir kennarar í sveit voru karlar en í kaптúnunum störfuðu allmargar konur við kennslu. Þetta átti einkum við um Reykjavík þar sem hlutur kynjanna var jafn. Greinin sýnir að nær helmingur þeirra einstaklinga sem fengust við kennslu í manntalinu 1901 áttu eftir að helga sig kennslu.

Höfundur er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

School-teachers in Iceland at the beginning of the 20th century

The article deals with the profession of primary school-teachers in Iceland at the beginning of the 20th century. The study includes all individuals that were listed as teachers in the census 1901. Demographic factors such as age, sex ratio and marital status of the teachers are analyzed and use was made of other source material to see if individuals were only involved in teaching for a brief period of time or devoted themselves to the profession. The study shows that there were important regional differences in the status and conditions of teachers. In rural areas the school-year was short and there teaching was only a secondary occupation. In towns and villages, on the other hand, teaching was the principal occupation of most teachers. The vast majority of teachers in the countryside were men whereas it was more common to employ women teachers in the towns and villages. The article shows that almost half of the individuals in the study devoted themselves to the teaching profession and were still employed as teachers in 1910.

Inngangur

Daginn sem manntalið 1901 var tekið var 34 ára lausamaður, Sigurgarður Sturluson, staddur á Geirseyri í Sauðlauksdal í Barðastrandasýslu. Hann var búsettur í Tungumúla í Hagasókn í sömu sýslu og er þar færður á viðaukaskýrslu manntalsins og sagður

„sjómaður og barnakennari“. Í Sauðlauksdal er hann hins vegar skráður í aðalskýrslu og þar segir að hann sé „sjómaður, háseti á fiskiskipi, formaður á fiskibát og fáist nú við barnakennslu.“ Sigurgarður kvæntist árið 1905 og eignaðist tólf börn á lífsleiðinni. Hann er í kennaratali sagður hafa fengist við kennslu frá árinu 1896 til 1929, aðallega barnakennslu, en um nokkurt skeið hélt hann einnig unglingaskóla á Barðaströnd. Auk kennslu fékkst Sigurgarður nokkuð við þýðingar og smíðar. Í Kennaratali koma ekki fram neinar upplýsingar um menntun hans (Kennaratal á Íslandi, 1958; ÞÍ. Gagnagrunnur manntalsins 1901). [1]

Nú má velta því fyrir sér hvort Sigurgarður geti talist dæmigerður fulltrúi íslenskrar kennarastéttar við upphaf 20. aldar. Þótt hann hafi fengist við kennslu um áratuga skeið er ljóst að hann fékkst á lífsleiðinni við ýmislegt annað að auki. Líkt og flestir kennarar á þessum tíma var hann farkennari og kenndi því einungis lítinn hluta úr ári, og eftir því sem næst verður komist virðist hann ekki hafa hlotið neina formlega menntun eftir að skyldunámi lauk.

Þessi grein er unnin innan ramma rannsóknarverkefnis um barnakennara í íslensku samfélagi á 20. öld, en verkefnið hefur notið styrks úr rannsóknarsjóði Háskóla Íslands. [2] Verkefninu er ætlað að varpa ljósi á stöðu kennara og fagvitund frá því að lög um fræðslu barna tóku gildi í upphafi 20. aldar og fram yfir þann tíma er kerfisbreyting var gerð á kennaramenntun og hún færð á háskólastig.

Í flestum Evrópulöndum markaðist síðari hluti 19. aldar af auknu mikilvægi skólans í lífi barna og ungmenna. Skólinn átti svo eftir að verða ein af grunnstoðum velferðaríkja á 20. öld og var kennarastéttin sú stétt opinberra starfsmanna sem varð hvað fjölmennust á síðari hluta aldarinnar. Hugmyndin um fagvitund kennarastéttarinnar er jafngömul opinberri almenningsfræðslu og raunar var kennarastéttin ein fyrsta veraldlega stéttin í nútímasamfélagi sem skilgreind var sem sérstök fagstétt sem naut sérstakrar menntunar og hlaut starfsréttindi í kjölfar hennar (Nóvoa, 2000).

Hérlendis sem erlendis hefur inntak og lengd kennaramenntunar tekið örum breytingum og haft áhrif á fagvitund kennarastéttarinnar (Florin, 1987; Sigurjón Mýrdal, 1992). Samsetning kennarahópsins hefur líka tekið miklum breytingum á undanförunum áratugum. Fram yfir miðja 20. öldina var þorri kennaraefna hér á landi úr bændastétt en hlutur þeirra minnkaði ört eftir það (Loftur Guttormsson 2008; Helgi Skúli Kjartansson 2008, Helgi Skúli Kjartansson og Ólóf Garðarsdóttir, 2008). Þá hafa konur allt frá upphafi almenningskólans verið mikilvægur starfskraftur í skólum Evrópu, einkum í yngstu bekkjunum (Florin, 1987; Simonton, 1998; Wikander, 1999). Svo var einnig hér landi og raunar var hlutfall kvenna í kennarastétt hér hærra en víðast hvar annars staðar á Vesturlöndum (Loftur Guttormsson, 2008). Framan af átti þetta einkum við um Reykjavík þar sem konur voru í meirihluta meðal fastráðinna kennara í upphafi 20. aldar.

Þessi rannsókn einskorðast við barnakennarastéttina í upphafi 20. aldar, þ.e. áður en fræðslulögin 1907 tóku gildi. Ljóst er að á þessum tíma voru menntaðir kennarar fáir. Í gagnfræðaskólanum við Flensborg höfðu Íslendingar átt kost á að leggja stund á kennaranám frá síðasta áratug 19. aldar en kennaraskólinn við Laufásveg tók ekki til starfa fyrr en sama árið og fræðslulögin tóku gildi. Hér er lögð áhersla á lýðfræðilega þætti, aldursamsetningu, kynjahlutfall og hjúskaparstöðu kennara. Þá verður leitast við að svara spurningunni hvort um tímabundið starf var að ræða eða hvort einstaklingar helguðu sig kennarastarfinu. Loks verður leitast við að svara því hvort unnt sé að tala um kennara sem fagstétt í upphafi 20. aldar.

Heimildir

Meginheimild mín er manntalið frá árinu 1901 (ÞÍ. Gagnagrunnur manntalsins 1901). Manntalið fór fram 1. nóvember og gert var ráð fyrir því að fólk væri talið þar sem það var statt þennan tiltekna dag. Þarna var sem sagt um svokallað *de facto* manntal að ræða, andstætt *de jure* manntali þar sem fólk er talið þar sem það á lögheimili. En manntalinu fylgdu einnig svokallaðar viðaukaskýrslur þar sem gert var ráð fyrir að skráðir væru einstaklingar sem voru fjarri heimili sínu. Þannig er ekki óalgengt að dreifbýliskennarar komi fram sem farkennarar á aðalskýrslu manntalsins en þeirra sé jafnframt getið í viðaukaskýrslu þar sem þeir áttu heima.

Rannsóknin nær til allra þeirra kennara sem samkvæmt manntalinu fengust við barnakennslu árið 1901, hvort sem kennslan er tilgreind sem aðal- eða aukastarf. Framhaldsskólakennurum og háskólakennurum er sleppt. Í langflestum tilvikum kemur afdráttarlaust fram í manntalinu að um barnakennara sé að ræða, viðkomandi er sagður „kenna börnum“, vera „barnakennari“, „umgangskennari“ eða „sveitakennari“. Í einungis fáum tilvikum orkar tvímælis hvort einstaklingur, sem sagður er kennari, fáið í reynd við barnakennslu. Þegar ekkert í manntalinu gefur til kynna að þeir kenni við æðri menntastofnanir er gengið út frá því að um barnakennara sé að ræða. Ekki er líklegt að kennarar í gagnfræðaskólum eða kvennskólum hafi slæðst með en þeir eru ýmist sagðir kenna við tiltekna skóla eða eru búsettir í skólanum.


Hér verður leitast við að afla upplýsinga um það hversu lengi umræddir kennarar starfi sem slíkir. Í *Kennaratali á Íslandi* (1958) má finna rúmlega tvo þriðju (68%) allra karlkennara sem eru í manntalinu 1901 og rúmlega þriðjung kvenkennara (37%). Þar eru yfirleitt ítarlegar upplýsingar um kennsluferil viðkomandi. Þá hefur verið hagnýttur gagnagrunnur sem Loftur Guttormsson lét vinna í tengslum við verkefnið Almenningsfræðsla á Íslandi, en þar er meðal annars að finna alla starfandi barnakennara skólaárið 1909–1910. Upplýsingar um þessa kennara voru fengnar úr skjalasafni menntamálaráðuneytisins. Loftur stóð fyrir því að við þessar upplýsingar væri bætt upplýsingum úr *Kennaratali*, um félagslegan uppruna kennara, hjúskaparstöðu þeirra, menntun og skóla sem þeir störfuðu við.

Í rannsókninni eru hagnýttar upplýsingar úr skýrslu Guðmundar Finnbogasonar (1905) en eins og kunnugt er fékk Guðmundur styrk frá Alþingi til að kanna menntun barna og unglinga á Íslandi árið 1903–1904. Guðmundur ferðaðist um landið og heimsótti skóla en hann safnaði einnig upplýsingum frá prestum landsins um skólahald og barnakennara. Skýrsla Guðmundar, sem kom út árið 1905, verður hér notuð til samanburðar við upplýsingar úr manntalinu 1901, einkum hvað varðar fjölda kennara. Áður en vikið er nánar að samsetningu kennarahópsins í manntalinu 1901 er rétt að gera lauslega grein fyrir skólasókn íslenskra barna áður en fræðslulögin tóku gildi.

Skólasókn áður en fræðslulögin 1907 tóku gildi

Fræðslulögin, sem tryggðu börnum á aldrinum 10–14 ára fræðslu þeim að kostnaðarlausu, tóku eins og áður sagði ekki gildi fyrr en 1908. Því fer þó fjarri að hér hafi börn ekki notið fræðslu fyrir þann tíma. Tilskipanir um barnafræðslu höfðu verið í gildi hér á landi allt frá 18. öld. Samkvæmt þeim var heimilum gert að sinna fræðslu barna og ungmenna í lestri og kristindómi undir eftirliti sóknarprestsins (Loftur Guttormsson, 2008).

Árið 1880 var svo aukið við kröfur um fræðslu og heimilum gert að kenna börnum bæði skrift og reikning. Loftur Guttormsson hefur leitt að því líkur, að vegna þess að mörg heimili voru ekki fær um að kenna skrift og reikning, hafi þetta viðbótarákvæði hafi haft í för með sér að stofnaðir voru skólar (einkum farskólar) víða um landið. Skólum hafi svo fjölgað jafnt og þétt, einkum á tíunda áratug 19. aldar, en þann áratug fjölgaði farskólánemendum úr 1.548 í 2.880 (Loftur Guttormsson, 1992). Loftur sýnir einnig að um



Heimild: Guðmundur Finnbogason, 1905, Tafla 1; *Manntal á Íslandi 1901*.


aldamótin 1900 voru fastir skólar starfandi í flestum stærri þéttbýliskjörnum landsins (Loftur Guttormsson, 2008a).

Mynd 1 byggir á upplýsingum um fjölda nemenda í skýrslu Guðmundar Finnbogasonar og sýnir hlutfall 10–14 ára barna sem voru í skóla árið 1903–1904 af sama aldurshópi í manntalinu 1901. Þetta ár gengu 61% allra íslenskra barna á aldrinum 10–14 ára í skóla. Talsverður landshlutamunur var á skólasókn, í þéttbýlustu sýslunum á suðvesturhorni landsins og í Eyjafirði sóttu um það bil 90% allra barna skóla. Hlutfallið var mun lægra í dreifbýlum sýslum. Sýnu lægst var hlutfallið í Strandasýslu en þar var innan við fimmtungur barna í skóla.

Þótt nokkuð hátt hlutfall íslenskra barna hafi gengið í skóla árin áður en fræðslulögin tóku gildi ber að hafa í huga að skólinn var ekki veigamikill þáttur í lífi þeirra. Fáir nemendur sem bjuggu utan kaupstaða voru í skóla lengur en tvo mánuði á ári hverju. Þetta má sjá á *Mynd 2* sem sýnir hlutfall allra skólabarna eftir skólagerð og lengd skólaárs. Raunar voru 27% allra skólabarna á landinu minna en einn mánuð í skóla á ári og önnur 31% sóttu skóla í einn til tvo mánuði á ári. Það voru einkum börn í kaupstöðum og í þéttbýlustu sýslunum sem gengu í skóla lengur en fimm mánuði á ári hverju. Lengst var skólaárið hjá börnum í Reykjavík. Tæp 10% allra skólabarna bjuggu í Reykjavík þetta ár og voru þau nær öll lengur en sjö mánuði í skóla.

Kennarar í manntalinu 1901

Það gefur auga leið að flestir þeir einstaklingar sem fengust við barnakennslu um aldamótin 1900 voru farkennarar. Lengd skólaársins hjá nemendum (sbr. *Mynd 2*) gefur þó engan veginn raunsanna mynd af lengd kennsluársins hjá kennurum. Samkvæmt skýrslu Guðmundar Finnbogasonar kenndu flestir farkennarar á tveimur til þremur stöðum og hefur því ekki verið óalgengt að farkennarar sinntu kennslu í nokkra mánuði á ári hverju jafnvel þótt skólaárið hjá börnum væri stutt (Guðmundur Finnbogason, 1905, bls. 47).



Heimild: Guðmundur Finnbogason, 1905, Tafla 1.

Talsverður landshlutamunur var á skólasókn, í þéttbýlustu sýslunum á suðvesturhorni landsins og í Eyjafirði sóttu um það bil 90% allra barna skóla. Hlutfallið var mun lægra í dreifbýlum sýslum. Sýnu lægst var hlutfallið í Strandasýslu en þar var innan við fimmtungur barna í skóla.

Þótt nokkuð hátt hlutfall íslenskra barna hafi gengið í skóla árin áður en fræðslulögin tóku gildi ber að hafa í huga að skólinn var ekki veigamikill þáttur í lífi þeirra. Fáir nemendur sem bjuggu utan kaupstaða voru í skóla lengur en tvo mánuði á ári hverju. Þetta má sjá á *Mynd 2* sem sýnir hlutfall allra skólabarna eftir skólagerð og lengd skólaárs. Raunar voru 27% allra skólabarna á landinu minna en einn mánuð í skóla á ári og önnur 31% sóttu skóla í einn til tvo mánuði á ári. Það voru einkum börn í kaupstöðum og í þéttbýlustu sýslunum sem gengu í skóla lengur en fimm mánuði á ári hverju. Lengst var skólaárið hjá börnum í Reykjavík. Tæp 10% allra skólabarna bjuggu í Reykjavík þetta ár og voru þau nær öll lengur en sjö mánuði í skóla.

Kennarar í manntalinu 1901

Það gefur auga leið að flestir þeir einstaklingar sem fengust við barnakennslu um aldamótin 1900 voru farkennarar. Lengd skólaársins hjá nemendum (sbr. *Mynd 2*) gefur þó engan veginn raunsanna mynd af lengd kennsluársins hjá kennurum. Samkvæmt skýrslu Guðmundar Finnbogasonar kenndu flestir farkennarar á tveimur til þremur stöðum og hefur því ekki verið óalgengt að farkennarar sinntu kennslu í nokkra mánuði á ári hverju jafnvel þótt skólaárið hjá börnum væri stutt (Guðmundur Finnbogason, 1905, bls. 47).

Telja verður öruggt að skýrsla Guðmundar gefi nokkuð tæmandi mynd af fjölda barnakennara á Íslandi skólaárið 1903–1904 en Guðmundur byggir upplýsingar sínar á skýrslum um kennara sem hann fékk frá prestum og próföstum. Hann getur þess reyndar að upplýsingar hafi ekki borist frá öllum prestum landsins og þess vegna hafi hann aflað viðbótarupplýsinga um kennara í viðkomandi hreppi í skjalasafni sem geymdi umsóknir farkennara um kennslustyrk í landssjóð. Þannig gæti vantað einhverja kennara sem ekki sóttu um styrk í skýrslu Guðmundar (Guðmundur Finnbogason, 1905, bls. 37).


Tafla 1
Samanburður á fjölda barnakennaraskv. Manntalinu 1901
og skýrslu Guðmundar Finnbogasonar 1903–1904

	Alls			Karlar			Konur		
	G.F.	Mannt.	Munur	G.F.	Mannt.	Munur	G.F.	Mannt.	Munur
Landið	415	324	28%	321	203	35%	94	87	8%
Reykjavík	39	46	-15%	21	22		18	24	
Kaupst. utan Rv.	16	17	-6%	10	12		6	5	
Landið utan kaupst.	360	261	38%	290	203	43%	70	58	21%

Heimild: Guðmundur Finnbogason, 1905, Tafla 2; Þí. Gagnagrunnur manntalsins 1901.

Manntalið 1901 var sem fyrr segir tekið 1. nóvember. Í ljósi þess að haustverkum var lokið í flestum sveitum landsins á þeim tíma hefði fyrirfram mátt búast við að flestir skólar landsins væru þegar teknir til starfa manntalsdaginn og að manntalið teldi þannig flesta einstaklinga sem sinntu barnakennslu þetta ár. Samanburður á fjölda kennara í manntalinu 1901 og í skýrslu Guðmundar leiðir hins vegar í ljós að kennarar voru 28% fleiri hjá Guðmundi en í manntalinu; skv. Guðmundi eru kennarar 415 en aðeins 324 í manntalinu.

Munur á fjölda kennara í þessum tveimur heimildum getur átt sér ýmsar skýringar. Vissulega má gera ráð fyrir að kennurum hafi fjölgað á þeim tveimur árum sem um ræðir. Þó verður að teljast útilokað að sú fjölgun sé jafnmikil og þessar tölur gefa til kynna. Líklegra verður að teljast að í sumum hreppum hafi, þeir sem tóku manntalið, látið undir höfuð leggjast að greina frá öllum þeim einstaklingum sem sinntu kennslu þetta ár. Sú staðreynd að það er einkum utan kaupstaðanna sem kennarar virðast vantaðir í manntalinu



Heimild: Guðmundur Finnbogason, 1905, Tafla 2; Þí. Gagnagrunnur manntalsins 1901.

(sjá *Töflu 1*) rennir stöðum undir þessa kenningu. Á stöðum þar sem farkennsla var ríkjandi og þar sem einstaklingar sinntu kennslu einungis hluta úr ári er ekki ólíklegt að sumir þeirra sem tóku manntalið hafi látið hjá líða að greina frá einhverjum kennurum. Í kaupstöðum þar sem kennsla var aðalstarf manna er ólíklegt að það komi ekki fram í manntalsskýrslum. Raunar telur manntalið öllu fleiri kennara í kaupstöðum en Guðmundur (sbr. *Töflu 1*). Það misræmi kann hugsanlega að skýrast af því að ekki er unnt að greina heimiliskennara frá öðrum barnakennurum í manntalinu en Guðmundur hefur tæplega talið þá með í sinni skýrslu.

Tafla 2 Upphaf skólaárs eftir landshlutum 1903–1904 (fjöldi skóla)			
	Fyrir 7. nív.	7. nív. eða síðar	Ekki vitað
Gullbringu- og Kjós	11	-	1
Snæfellsn.- og Hnappad.	4	2	5
Aðar sýsl. Vesturl., Vestf.	31	5	15
Norður- og Austurland	4	19	4
Suðurland	24	3	10


Heimild: Guðmundur Finnbogason, 1905, Tafla 1.

Athugun á muninum á fjölda kennara eftir sýslum í manntali og í skýrslu Guðmundar leiðir einnig í ljós að munurinn er mjög mismikill eftir sýslum (sjá *Mynd 3*). Mestur er munurinn á norðanverðu landinu, frá Húnavatnssýslu að Suður-Þingeyjarsýslu. Loftur Guttormsson (1992) hefur sýnt að í þessum sýslum var farskólalald mun algengara en t.d. á sunnan- og suðvestanverðu landinu. Það virðist því liggja í augum uppi að munurinn á heimildunum tveimur stafar fyrst og fremst af því að farkennarar eru víða vantaldir í manntalsgögnum. Athugun á upphafi skólaárs í skýrslu Guðmundar sýnir svo að það er einkum á norðan- og austanverðu landinu sem skólalald hófst eftir að manntalið var tekið, þ.e. eftir 1. nóvember (sjá *Töflu 2*). Það verður því að teljast líklegt að allflestir þeir einstaklingar sem fengust við barnakennslu daginn sem manntalið var tekið 1. nóvember komi í reynd fram í skýrslum þess.

Kennarastarfið. Ævistarf eða tímabundið starf?

Einn þeirra einstaklinga sem fékkst við barnakennslu árið 1901 var gagnfræðingurinn Gunnlaugur Þorsteinsson. Gunnlaugur bjó í foreldrahúsum á Skipalóni í Möðruvallasókn í Eyjafirði og var einungis 17 ára gamall þegar manntalið var tekið. Samkvæmt manntalinu fékkst hann við „heyvinnu og barnakennslu“. Hann er sagður *realstúdent* og í ljósi þess að hann bjó í Möðruvallasókn verður að teljast líklegt að hann hafi stundað nám í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum. Gunnlaugs er ekki getið í skráum yfir kennara árið 1908–1909 og hann kemur ekki fyrir í Kennaratali (1958). Hann virðist því ekki hafa lagt stund á barnakennslu nema stutt skeið ævinnar.

Þótt kennarastéttin hafi vissulega verið ung stétt í upphafi 20. aldar voru einungis örfáir kennarar jafn ungir og Gunnlaugur. Yngsti einstaklingur sem fékkst við kennslu í manntalinu 1901 var 15 ára gömul stúlka, Jóhanna Margrét Eiríksdóttir, dóttir ekkju sem skráð er leigjandi ásamt dóttur sinni á Fosnesi í Stóranúpssókn í Árnessýslu. Þrír kennarar voru 17 ára og aðrir fimm 19 ára gamlir. Meðalaldur karlkennara var 35,8 ár og meðalaldur kennslukvenna 29,6 ár. Athugun á aldersdreifingu í kennarahópnum leiðir í ljós að stór hluti þeirra var mjög ungur að árum. *Mynd 4* sýnir þannig að talsvert margir kennarar voru yngri en 25 ára gamlir. Þetta átti einkum við um kennslukonur en rúmlega 40% kennslu-




Heimild: Þí. Gagnagrunnur manntalsins 1901.

kvenna tilheyrðu þessum aldurshópi. Einungis örfáar kennslukonur voru eldri en 35 ára. Aldursdreifing meðal karlkennara var mun jafnari. Rúmlega fimmtungur (21%) karla voru þannig yngri en 25 ára en þriðjungur þeirra var á aldrinum 25–34 ára (33%). Nær helmingur karlkennara (46%) voru 35 ára eða eldri.

Tvær skýringar geta verið á kynbundnum mun á aldursdreifingu kennarahópsins. Í fyrsta lagi má leiða að því líkum að karlar hafi fyllt hóp kennara fyrr en konur. Menntunarstig karla í alþýðustétt var þannig lengi vel hærra en meðal kvenna. Eftir 1870 sóttu konur mjög í sig veðrið að þessu leyti; það birtist meðal annars í bættri skriftarkunnáttu meðal kvenna en einnig í því að stúlkum sem gengu í barnaskóla fjölgaði hlutfallslega örar en drengjum (Erla Hulda Halldórsdóttir, 1997; Loftur Guttormsson, 1991; Ólöf Garðarsdóttir, 2008) Síðasti aldarfjórðungur 19. aldar var tími kvennaskólanna en þeir opnuðu konum möguleika til bóklegrar og verklegrar menntunar (Erla Hulda Halldórsdóttir, 1997; Loftur Guttormsson, 2008a; Ólöf Garðarsdóttir, 2002, bls. 152–155). Skýrsla Guðmundar Finnbogasonar og rannsóknir Lofts Guttormssonar sýna að flestar kennslukonur á fyrri hluta 20. aldar hlutu menntun sína í kvennaskólum landsins (Guðmundur Finnbogason, 1905; Loftur Guttormsson, 2008b).

Hin skýringin á ungum aldri kennslukvenna kann svo að vera sú að konur hafi verið líklegri en karlar til að leggja stund á kennslustörf tímabundið áður en þær gengu í hjónaband. Pálína Ólafía Pétursdóttir er ein þeirra kvenna sem fór þessa leið. Pálína var fædd árið 1876 á Grund í Skorradal; þar er hún búsett árið 1901, þá ógift vinnukona hjá bróður sínum, Bjarna Péturssyni, sem þá hafði tekið við búsförum af foreldrum sínum. Þar er hún sögð fást við „heyvinnu og barnakennslu“. Manntalsdaginn var Pálína stödd á bænum Bíldsfelli í Úlfjótsvantssókn í Árnessýslu og er þar sögð kennslustúlka. Pálína hafði tekið kennarapróf frá gagnfræðaskólanum í Flensborg árið 1893 og fékkst við barnakennslu árin 1896–1906. Hún gekk í hjónaband árið 1909 og eignaðist einn son. Þótt börnin yrðu ekki fleiri átti Pálína ekki eftir að hverfa aftur að kennarastarfinu (Kennaratal 1958, Manntalið 1901, gagnagrunnur). Athygli vekur að yngri systir Pálínu, Guðlaug, átti einnig eftir að fara í kennaranám og kenndi hún um áratuga skeið.

Loftur Guttormsson (2008b) hefur sýnt að fyrstu áratugina eftir að fræðslulögin tóku gildi voru langflestir kennarar ógiftir; árið 1909–1910 voru 88% kennslukvenna ógiftar og 55% karlkyns kennara (Loftur Guttormsson, 2008b). Manntalsárið 1901 var hlutfall ógiftra nánast hið sama og í athugun Lofts, 60% karla og 86% kvenna voru ógift. Vegna þess hve




Heimild: ÞÍ. Gagnagrunnur manntalsins 1901.

ung kennarastéttin var er mikilvægt að skoða hjúskaparstöðu eftir aldri. Meðalgiftingaraldur á Íslandi var fremur hár við upphaf 20. aldar og fáir gengu í hjónaband fyrir 25 ára aldur. *Mynd 5* sýnir því hjúskaparstöðu meðal kennara fyrir og eftir 25 ára aldur.

Ekki þarf að koma á óvart að nærri allir kennarar undir 25 ára aldri voru ógiftir. Í hópnum 25 ára og eldri var helmingur karlkennara og tæpur fjórðungur kennslukvenna enn ógiftur. Þá voru 7% karla ekkjar og 9% kvennanna ekkjur. Guðmundur Finnbogason bendir á það í skýrslu sinni að kennarastarfið sé illa launað og sé það meginástæða þess hve ungir kennarar séu (Guðmundur Finnbogason, 1905, bls. 41). Sú staðreynd að fáir af eldri kennurum voru giftir bendir til þess að einstaklingar sem helguðu sig kennarastarfi hafi ekki getað séð fyrir fjölskyldu með launum sínum. Athugun á heimilisstöðu kennara rennir stöðum undir þessa skoðun Guðmundar.

Mynd 6 sýnir heimilisstöðu kennara 25 ára og eldri. [3] Þar sést að einungis 41% karla og 19% kvenna á þessum aldri voru í stöðu húsráðanda eða húsfreyju árið sem manntalið var tekið. Nokkuð almennt var að kennarar sem náð höfðu 25 ára aldri væru í stöðu húsfólks eða leigjenda en í hópi þeirra voru einnig vinnuhjú, ættingjar og börn húsráðenda.



Heimild: ÞÍ. Gagnagrunnur manntalsins 1901.

Sem fyrr segir bendir lágur aldur kennslukvenna til þess að giftum konum hafi ekki verið ætlað að leggja stund á kennslu. Lágt hlutfall giftra kennslukvenna í aldurshópnum yfir 25 ára staðfestir svo að konum hafi ekki verið ætlað að sameina húsmóðurhlutverkið og kennslu. Líkt og Pálína sem getið er hér að ofan hafa flestar konur hætt kennslu eftir að þær gengu í hjónaband. Jafnvel þótt konur hefðu aflað sér nokkurrar formlegrar menntunar voru þær líklegar til þess að láta af kennslustörfum ef til hjónbands kom. Athugun á afdrifum þeirra kvenna sem fengust við kennslu samkvæmt manntalinu 1901 sýnir að fæstar þeirra sem á annað borð giftust héldu áfram að kenna. Lítum á nokkur dæmi.

Ingibjörg Sigurðardóttir var 27 ára gömul þegar manntalið var tekið árið 1901. Hún var bóndadóttir, ættuð úr Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu. Líkt og margar kynsystur hennar sem fengust við kennslu hafði hún stundað nám við kvennaskóla, þ.e. Kvennaskólann í Ytri-Ey. Hún dvaldi einnig í Reykjavík við nám í tvö ár fyrir aldamótin og árið 1909 sótti hún kennaranámskeið í Reykjavík. Árið 1901 bjó hún á Blönduósi og samkvæmt manntalinu sá hún fyrir sér með „kennslu og daglaunavinnu“. Í Kennaratali (1958) kemur fram að hún fékkst við barnakennslu í 11 ár, og árin 1908–1913 kenndi hún við Kvennaskólann á Blönduósi. Þá gekk hún í hjónband og kenndi ekki eftir það.


Kaupmannsdóttirin Málfríður Helga Bachmann er annað dæmi um konu sem hætti kennslustörfum þegar hún gekk í hjónaband. Málfríður var fædd árið 1879 að Vatneyri á Barðaströnd og virðist ekki hafa hlotið neina formlega menntun. Samkvæmt Kennaratali (1958) starfaði hún sem heimiliskennari á Vatneyri árin 1898–1899. Þótt þess sé ekki getið í Kennaratali var hún enn starfandi barnakennari þar árið 1901. Hún kenndi síðan í barnaskólanum á Patreksfirði árin 1903–1907 eða þar til hún gifti sig.

Hér má einnig nefna Laufeyju Vilhjálmsdóttur, eiginkonu Guðmundar Finnbogasonar. Laufey var 22 ára þegar manntalið 1901 var tekið og bjó þá í foreldrahúsum í Reykjavík og starfaði við barnakennslu. Hún hafði gengið í Kvennaskólann í Reykjavík og eftir aldamótin sótti hún námskeið í Statens Lærerkurs í Kaupmannahöfn. Þau hjónin gengu í hjónaband 1914 og eignuðust sjö börn. Laufey hætti kennslu árið sem hún gifti sig en hún starfaði alla tíð að mennta- og menningarmálum, ritaði greinar í tímarit og lagði stund á þýðingar (*Kennaratal*, 1958).

Þótt algengast hafi verið að kennslukonur létu af störfum þegar þær gengu í hjónaband eru nokkur dæmi um að giftar konur hafi sinnt kennslustörfum, a.m.k. tímabundið. Þetta átti t.a.m. við um Þorgerði Kristínu Jónsdóttur sem var fædd árið 1879. Hún lagði stund á nám í kvennaskólanum að Ytri-Ey 1898–1899 og tók kennarapróf frá Flensborgarskóla 1901. Hún kenndi í Birtingarholti í Hrepphólasókn í Árnessýslu skólaárið 1901–1902 en giftist í október 1902. Hún kenndi handavinnu 1907–1908 í Hafnarfirði þrátt fyrir að hún ætti þá þrjú lítil börn. Eftir að börnin voru vaxin úr grasi tók hún aftur til við kennslu og kenndi smábörnum í Hafnarfirði á árunum 1940–1945.

Önnur kona sem lengi kenndi í Hafnarfirði var Valgerður Jensdóttir. Hún var fædd árið 1880 á Hóli í Hvammssveit í Dalasýslu og var dóttir hreppstjórans þar. Aðeins 17 ára gömul kenndi hún börnum í Hvammssveit en lauk svo kennaraprófi frá Flensborgarskóla árið 1899. Eftir það kenndi hún í barnaskóla Hafnarfjarðar á árunum 1901–1903 þar til hún gekk í hjónband. Eiginmaður hennar Jón Jónasson var kennari og síðar skólastjóri í barnaskóla Hafnarfjarðar. Valgerður var um tíma skólastjóri í forföllum eiginmanns síns og eftir andlát hans 1914 kenndi hún áfram við barnaskólann til dánardægurs.

Ofangreind dæmi benda til þess að afar sjaldgæft hafi verið að konur héldu áfram kennslu eftir að þær gengu í hjónaband. Þó eru nokkur dæmi um konur sem snúa aftur til kennslu eftir skilnað eða fráfall maka. En hvernig skyldu einstaklingar sem störfuðu við barnakennslu árið 1901 almennt hafa enst í starfi? Í ljósi þess að all margar kennslukonur virð-



Heimild: Þí. Gagnagrunnur manntalsins 1901.

ast hafa hætt störfum þegar þær gengu í hjónaband hefði fyrirfram mátt búast við að karlar störfuðu lengur við kennslu en konur. Athugun á þessu atriði leiðir í ljós að fremur líttill munur var á milli kynjanna í þessu tilliti.

Mynd 7 sýnir hlutfall barnakennara skv. manntalinu 1901 sem enn störfuðu við kennslu skólaárið 1909–1910 (Þí. Gagnagrunnur manntalsins 1901; Gagnagrunnurinn Íslenskir barnakennarar 1909–1960). [4] Athuginin leiðir í ljós að af þeim af þeim 189 karlkennurum sem voru á lífi og bjuggu á landinu 1910 störfuðu 45% enn við kennslu. Hlutfallið var heldur lægra meðal kvenna en af 61 konu störfuðu 37% enn við kennslu. Ef litið er til aldurs einstaklinga manntalsárið 1901 kemur fram nokkur munur á kynjunum. Meðal beggja kynja voru líkurnar á endast í starfi fremur litlar hjá þeim sem voru yngri en 25 ára manntalsárið 1901, en þó sýnu lægra meðal kvenna (18% kvenna samanborið við 31% karla). Líklegt verður að teljast að þetta mikla brotthvarf úr starfi meðal yngstu kvennanna megi rekja til þess að þær giftust. Meðal karla aukast líkurnar á að endast í starfi með aldri miðað við árið 1901; hæst er hlutfallið meðal þeirra karla sem voru 45 ára og eldri manntalsárið 1901 en 61% þeirra voru enn í starfi árið 1909–1910. Þær 22 kennslukonur sem voru á aldrinum 25–34 ára árið 1901 voru hins vegar líklegastar til að endast í starfi, 63% þeirra störfuðu enn við kennslu árið 1909–1910. Flestar þeirra kvenna sem hér um ræðir giftust ekki en helguðu sig kennarastarfinu. Ein þessara kvenna var Þórey Árna-dóttir, fædd 1874.

Þórey var í Kvennaskólanum á Laugalandi árið 1889–1890 og í Kvennaskólanum í Reykjavík 1894–1895 (Kennaratal á Íslandi 1958). Hún tók síðan kennarapróf frá Flensborg árið 1897. Þórey bjó í foreldrahúsum að Kálfsstöðum í Hólasókn í Skagafjarðarsýslu manntalsárið 1901 og „gjegnir [þar] kjennslu og innanbæjarstörfum“. Þórey giftist ekki og starfaði við kennslu til dánardægurs 1914.

Önnur kona í þessum aldurshópi var Ingibjörg Stefanía Sigurðardóttir, kaupmannsdóttir frá Reykjavík. Hún tók próf frá Kvennaskólanum í Reykjavík 1898 og kennarapróf frá Flensborgarskóla 1899. Hún kenndi við Miðbæjarskólann allt frá árinu 1901 og var yfirkennari þar árin 1950–1954. Eins og allmargar kennslukonur á þessum tíma sótti Ingibjörg kennaranámskeið við Statens Lærerkursus í Kaupmannahöfn árið 1908–1909, auk þess sem hún heimsótti skóla í Englandi 1929 og Danmörku 1934.

Sem fyrr segir voru einungis örfáar kennslukonur í manntalinu 1901 eldri en 35 ára gaml- ar. Hér er rétt að geta einnar kennslukonu sem vann við barnakennslu um áratuga skeið. Læknisdóttirin Guðlaug Arason var fædd árið 1855. Hún var við kennaranám í Kaup- mannahöfn og síðar í Bonn í Þýskalandi. Hún kenndi m.a. við Barnaskólann í Keflavík og síðan við Barnaskólann í Reykjavík (síðar Miðbæjarskólann) frá 1890–1927.

Þær konur sem hér eru taldar geta talist nokkuð dæmigerðar fyrir stétt kennslukvenna í stærstu kaupstöðunum. Miðað við allan þorra landsmanna höfðu þær mikla formlega menntun. Ef lítið er til kennarastéttarinnar í heild voru samkvæmt skýrslu Guðmundar Finnbogasonar einungis 20% allra kennara í kaupstöðum og 4% kennara utan kaupstaða kennaramenntaðir (Guðmundur Finnbogason, 1905). Rúmlega þriðjungur kennara utan kaupstaða og 15% kennara í kaupstöðum höfðu einungis notið heimafræðslu.

En er þá hægt að tala um fagstétt kennara í upphafi 20. aldar? Fljótt á lítið kann slíkt að virðast fráleitt. Kennaramenntun hér á landi var enn í mýflugumynd, flestir kennarar störf- uðu einungis stuttan tíma á ári hverju og kennarar öðluðust ekki eigið mál gagn fyrir en með útgáfu Skólablaðsins 1907.

Kennarastéttin í upphafi 20. aldar. Ný fagstétt?

Lofur Guttormsson (2008b) fjallaði í ritinu *Almenningsfræðsla á Íslandi* um fagvitund ís- lenskrar kennarastéttar eftir að fræðslulögin 1907 tóku gildi. Hann bendir á að framan af hafi kennarahópurinn verið afar ósamstæður og hagsmunir ólíkir. Loftur bendir á að það hafi einkum verið í Reykjavík sem félagsstarf kennara var með miklum blóma allt frá stofnun Kennarafélags Barnaskóla Reykjavíkur árið 1908. Kennarafélagið beitti sér fyrir umræðu um fræðslumál. Einn vettvangur faglegrar umræðu á þessum tíma var *Skóla- blaðið* sem kom út frá árinu 1907.

Gagnstætt því sem var í Reykjavík áttu kennarar sem störfuðu á landsbyggðinni sér lengi vel ekki sameiginlegan faglegan vettvang í formi kennarafélags og fáir barnakennarar áttu framan af aðild að Hinu íslenska kennarafélagi. Þetta breyttist með tíð og tíma. SÍB (Sam- band íslenskra barnakennara) var stofnsett árið 1921 og beitti sér með ýmsum hætti í fræðslu- og uppeldismálum. Loftur færir rök fyrir því að tímabilið frá miðjum þriðja ára- tugnum til 1940 sé vakningatími í íslenskum menntamálum og kennarastéttin sé þá orðin „faglegra myndug ... stétt sem naut félagslegrar virðingar“ (Loftur Guttormsson, 2008b, bls. 141; Loftur Guttormsson, 2008c).

Rannsóknin sem hér er kynnt til sögunnar sýnir að mikill munur var á starfskjörum og menntun kennara eftir því hvar í sveit þeir voru settir. Ljóst er að menntunarstig kennara í kaupstöðum landsins, einkum í Reykjavík, var mun hærra en í sveitum landsins. Þrátt fyrir litla formlega menntun kennarastéttarinnar og þá staðreynd að allstór hópur kennara hafi einungis fengist við kennslu hluta úr ári vil ég engu að síður halda því fram að í upphafi aldar megi greina vísi að fagstétt kennara. Vísbending um vaknandi fagvitund felst í stofn- un kennarafélaga á landsbyggðinni á fyrsta áratug 20. aldar. Þá er athyglisvert að rúm- lega 40% þeirra kennara sem getið er í manntalinu 1901 störfuðu enn við kennslu átta árum síðar og athugun á menntun þessara einstaklinga sýnir að þótt fáir þeirra hafi tekið formlegt kennarapróf höfðu flestir þeirra aflað sér einhverrar menntunar. Þetta átti ekki hvað síst við um konur, og allnokkrar þeirra sóttu kennaranámskeið til útlanda. Þetta átti vissulega einkum við um kennslukonur í kaupstaðaskólunum og þar höfðu mun fleiri kennarar formlega menntun en var í dreifbýli. Það er þó ekki rétt að gera lítið úr framfara- vilja kennara á landsbyggðinni. Ýmsir þeir einstaklingar sem kenndu börnum sýndu fræðslu- og menningarmálum mikinn áhuga. Allmargir, líkt Sigurgarður Sturlaugsson sem getið var hér í upphafi, áttu þrátt fyrir litla eða enga formlega menntun umfram skyldunám

í heimahúsum eftir að helga sig kennarastarfinu og sinntu ýmsum mennta- og menningar-
málum í heimabyggð.

Aftanmálgreinar

1. Allir þeir einstaklingar sem nefndir verða til sögunnar í þessari ritgerð eru sóttir í gagnagrunn manntalsins 1901 sem varðveittur er hjá Þjóðskjalasafni Íslands (ÞÍ). Þessa verður ekki getið sérstaklega hér eftir.
2. Sumarið 2010 unnu þrír MA-nemar að verkefninu; sagnfræðinemarnir Brynja Björnsdóttir og Kristófer Eggertsson og mannfræðineminn Helga Katrín Tryggvadóttir.
3. Þar sem kennarar koma tvisvar fyrir í manntalinu, þ.e. í aðalskýrslu og í viðaukaskýrslu, er heimilisstaða þeirra talin þar sem þeir eiga fasta búsetu.
4. Þetta hlutfall er reiknað af þeim úr kennarahópnum 1901 sem voru á lífi 1910 og bjuggu þá á landinu. Upplýsingar um dánarár eða brottflutning af landinu eru ýmist fengnar úr Kennaratali eða úr Íslendingabók.

Heimildir

Erla Hulda Halldórsdóttir. (1997). Að vera sjálfstæð. Ímyndir, veruleiki og frelsishugmyndir kvenna á 19. öld. *Saga*, 35, 57–94.

Florin, Ch. (1987). *Kampen om katern. Feminiserings- och professionaliseringsprocessen inom den svenska folkskolans lärarkår*. Umeå: Umeå Universitet.

Gagnagrunnurinn Íslenskir barnakennarar 1909–1960. Í vörslu Loftis Guttormssonar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Guðmundur Finnbogason. (1905). *Skýrsla um fræðslu barna og unglunga veturinn 1903–1904*. Reykjavík.

Helgi Skúli Kjartansson. (2008). Kennarastéttin. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007*. 2. bindi. *Skóli fyrir alla* (bls. 198–215). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Helgi Skúli Kjartansson og Ólöf Garðarsdóttir. (2008). Nám og nemendur. Í Svanhildur Kaaber og Heiðrún Kristjánsdóttir (ritstjórar), *Aldarspejill. Kennaraskóli Íslands. Kennaraháskóli Íslands 1908–2008* (bls. 16–36). Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.

Íslendingabók. <http://www.islendingabok.is/IServlets/index.jsp>

Kennaratal á Íslandi 1.–2. bindi. (1958). Ólafur Þ. Kristjánsson sá um útg. Reykjavík.

Loftur Guttormsson. (1991). Sækuleringstendenser i islandsk almuedannelse i slutningen af 1800-tallet. Í Harry Haue (ritstjóri), *Skole. Dannelse. Samfund. Festskrift til Vagn Skovgaard-Petersen* (bls. 87–95). Odense: Odense Universitetsforlag.

Loftur Guttormsson. (1992). Farskólalald í sextíu ár (1890–1950). Nokkrir megindrættir. *Uppeldi og menntun 1*, 207–222.

Loftur Guttormsson. (2008). Fræðsluhefðin: kirkjuleg heimafræðsla. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007*. 1. bindi. *Skólalald í bæ og sveit* (bls. 21–35). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Loftur Guttormsson. (2008a). Sjálfspróttir skólar. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007*. 1. bindi. *Skólahald í bæ og sveit* (bls. 56–71). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008b). Kennarastéttin: starfskjör, menntun og staða. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007*. 1. bindi. *Skólahald í bæ og sveit* (bls. 126–141). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008c). Náms- og kensluhættir. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007*. 1. bindi. *Skólahald í bæ og sveit* (bls. 212–226). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Manntalið á Íslandi hinn 1. nóvember 1901*. Kaupmannahöfn: Statens statistiske bureau 1904.
- Nóvoa, A. (2000). The Teaching Profession in Europe: Historical and Sociological Analysis. Í Elizabeth Sherman Swing, Jürgen Schriewer og François Orivel (ritstjórar) *Problems and Prospects in European Education*. Westport, Conn.: Praeger.
- Ólöf Garðarsdóttir. (2008). Félagskerfi skólans. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007*. 1. bindi. *Skólahald í bæ og sveit* (bls. 247–262). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigurjón Mýrdal. (1992). Hugmyndir um fagmennsku íslenskra kennara. *Uppeldi og menntun* 1(2), 297–313.
- Sigurjón Mýrdal. (1992). Hugmyndir um fagmennsku íslenskra kennara. *Uppeldi og menntun* 1, 297–313.
- Simonton, D. (1998). *A History of European Women's Work 1700 to the Present*. London: Routledge.
- Wikander, U. (1999). *Kvinnoarbete i Europa 1789–1950. Genus, makt och arbetsindeln- ing*. Stockholm: Atlas Akademi.
- Wolfgang Edelstein. (2008). *Mótun skólustefnu og fagvitund kennara. Skóli, nám, samfélag* (bls. 19–32) Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- ÞÍ (Þjóðskjalasafn Íslands). Gagnagrunnur manntalsins 1901.



Ólöf Garðarsdóttir. (2010). Barnakennarar á Íslandi um aldamótin 1900. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/019.pdf>